

ÁRSREIKNINGUR | 2013



Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla framkvæmdastjórnar Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2013

Landspítali (LSH) starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996, lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrífættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónustu við sjúklinga, menntun og rannsóknunum í heilbrigðisvisindum. Gildi spítalans eru *Umhyggja, Fagmennska, Öryggi og Framþróun*. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsmanna sinna. Á árinu 2013 störfuðu að meðaltali 4.683 starfsmenn á LSH í 3.666 stöðugildum.

Ársveltan árið 2013 var um 48.556 m. kr. Tekjuhalli var á árinu þar sem rekstrargjöld voru 1.484 m. kr. umfram rekstrartekjur og ríkisframlag. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur ójafnað eigið fé spítalans 4.435 m. kr. í árslok 2013. Eignir spítalans nema 2.305 m. kr. en skuldir nema 6.556 m. kr. Þar af er skuld Landspítala við ríkissjóð 2.681 m. kr. í lok árs.

Fyrir Alþingi hefur verið lagt frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2012. Í því frumvarpi er lagt til að Landspítali fái viðbótar fjárheimild að fjárhæð 2.223,2 m. kr. vegna ársins 2012, sem skuli mæta hluta hallarekstrar fyrri ára. Ef til færslu þessarar fjárheimildar kæmi í reikningsskil spítalans færi sú færsla ekki í rekstrarreikning, heldur yfir höfuðstól í efnahagsreikningi. Við undirritun ársreiknings Landspítala fyrir árið 2013 er umrætt frumvarp enn til umfjöllunar í fjárlaganefnd Alþingis eftir 1. umræðu í þinginu. Því er frumvarpið ekki orðið að lögum frá Alþingi og þar af leiðandi er viðbótar fjárheimildin ekki færð í reikningsskilin. Ójafnað eigið fé spítalans í árslok 2013 næmi 2.212 m. kr. hefði færslan átt sér stað á því ári.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs staðfesta ársreikning Landspítala fyrir árið 2013 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Reykjavík, 11. apríl 2014.



Páll Matthíasson
forstjóri



María Heimisdóttir
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til Landspítala og velferðarráðuneytis

Ábyrgð stjórnenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Landspítala fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ábyrgð endurskoðenda

Við erum ábyrgir fyrir því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fölst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar í ársreikningi.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta álit okkar.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landspítalans á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ábending

Við viljum benda á upplýsingar í skýrslu framkvæmdastjórnar um að frumvarp til lokafjárlaga 2012 hefur verið lagt fram á Alþingi en það hefur ekki verið samþykkt við undirritun ársreiknings. Fjárheimildin hefur því ekki verið færð í reikningsskil Landspítalans og er það líka mat Ríkisendurskoðunar að einungis sé hægt að færa lækkun á yfirfærðum halla skv. samþykktum lokafjárlögum. Fjársýsla ríkisins hefur fært 2.223,2 m.kr. í bókhald Landspítalans skv. áðurnefndu frumvarpi og er því þessi ársreikningur frábrugðinn bókhaldi ríkisins að þessu leyti.

Ríkisendurskoðun, 11. apríl 2014

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Tekjur			
Þjónustutekjur	14	3.133.189	3.073.187
Styrkir til fjárfestinga í tækjabúnaði	15	292.495	92.961
Aðrar tekjur	16	1.096.075	962.382
S-merkt lyf, sala til SÍ	17	4.840.206	4.446.488
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	17	(4.746.729)	(4.346.477)
Tekjur samtals		<u>4.615.236</u>	<u>4.228.541</u>
 Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	18	31.857.791	28.810.329
Vörunotkun	19	7.230.279	6.893.772
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	20	3.236.607	2.941.754
Annar rekstrarkostnaður	21	<u>1.263.052</u>	<u>1.197.760</u>
		43.587.729	39.843.615
 Fjárfesting í tækjabúnaði	22	1.291.553	566.979
Annar stofnkostnaður og endurbætur	23	<u>445.032</u>	<u>307.967</u>
Gjöld samtals	13	<u>45.324.314</u>	<u>40.718.561</u>
 Tekjuhalli án fjármagnsliða		(40.709.078)	(36.490.020)
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	24	<u>31.133</u>	<u>28.226</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(40.677.945)	(36.461.794)
 Ríkisframlag	10, 25	<u>39.193.900</u>	<u>36.478.200</u>
Tekjuhalli ársins	10	<u>(1.484.045)</u>	<u>16.406</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr.	2013	2012
Áhættufjármunir			
Hlutabréf	26	<u>2.500</u>	<u>2.500</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	6, 27	734.673	661.799
Skammtímaskuldir	7, 28, 29	1.545.161	1.639.342
Handbært fé	8	<u>22.350</u>	<u>23.959</u>
Veltufjármunir		<u>2.302.184</u>	<u>2.325.100</u>
Eignir samtals		<u>2.304.684</u>	<u>2.327.600</u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll			
Höfuðstóll í ársbyrjun		(2.950.712)	(2.967.122)
Yfirtekinn höfuðstóll Rjóðurs		0	4
Tekjuhalli ársins		<u>(1.484.045)</u>	<u>16.406</u>
Ójafnað eigið fé	10	<u>(4.434.757)</u>	<u>(2.950.712)</u>
Annað eigið fé			
Framlag til eignamyndunar		180.494	180.494
Yfirtekið framlag til eignamyndunar St. Jósefsspítala		<u>2.618</u>	<u>2.618</u>
Annað eigið fé		<u>183.112</u>	<u>183.112</u>
Eigið fé samtals		<u>(4.251.645)</u>	<u>(2.767.600)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Fjármögnunarleigusamningur	11, 30	43.362	0
Næsta árs afborgun		<u>(2.574)</u>	<u>0</u>
		<u>40.788</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	31	2.680.982	2.364.913
Viðskiptaskuldir	32	3.831.985	2.730.287
Næsta árs afborgun fjármögnunarleigusamnings		<u>2.574</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir		<u>6.515.541</u>	<u>5.095.200</u>
Skuldir samtals		<u>6.556.329</u>	<u>5.095.200</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.304.684</u>	<u>2.327.600</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	35		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	36		

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuhalli ársins.....		(1.484.045)	16.406
Gjaldfærð fjárfesting í tækjum umfram tekjufærða styrki.....	22	999.057	474.018
Veltufé til reksturs		<u>(484.988)</u>	<u>490.424</u>
 Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun).....		(72.874)	(126.034)
Skammtímakröfur, lækkun.....		94.181	(511.642)
Viðskiptaskuldir, hækkun.....		1.101.698	630.147
		<u>1.123.005</u>	<u>(7.529)</u>
 Handbært fé frá rekstri		<u>638.017</u>	<u>482.895</u>
 Fjárfestingarhreyfingar			
Gjaldfærð fjárfesting umfram tekjufærða styrki.....	22	(999.057)	(474.018)
Yfirteknar eignir umfram skuldir Rjóðurs.....		0	4
		<u>(999.057)</u>	<u>(474.014)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
Fjármögnunarleigusamningur vegna gjaldfærðrar fjárfestingar .	11, 30	43.362	0
Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð:	31		
Framlag ríkissjóðs.....		(39.193.900)	(36.478.200)
Greitt úr ríkissjóði.....		39.509.969	36.476.325
		<u>359.431</u>	<u>(1.875)</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(1.609)	7.006
 Handbært fé í ársbyrjun		<u>23.959</u>	<u>16.953</u>
 Handbært fé í lok ársins		<u>22.350</u>	<u>23.959</u>

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila:

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum skulu ríkisstofnanir í A-hluta ekki eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, heldur gjaldfæra þá á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda.

Vegna breytinga á framsetningu í rekstrarreikningi og sjóðstreymi vegna gjaldfærða fjárfestinga í tækjum og öflunar utanaðkomandi styrkja til slíkrar fjárfestingar er samanburðarfjárhæðum ársins 2012 breytt til samræmis við framsetningu 2013.

2. Bókhald og fjármál:

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

3. Skattar:

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt.

4. Skráning tekna:

Sértekjur spítalans eru yfirleitt bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Heildarframlag ríkisins er fært í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjáraukalaga.

5. Skráning gjalda:

Gjöld spítalans eru samkvæmt meginreglu bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok ársins eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

6. Vörubirgðir:

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði á grundvelli birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

7. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi kröfum. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

8. Handbært fé:

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

9. Lífeyrisskuldbinding:

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

SKÝRINGAR

10. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs um 4.435 m. kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2013 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2013	(2.950.712)
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(40.677.945)
Ríkisframlag ársins	39.193.900
Tekjuhalli ársins	(1.484.045) (1.484.045)

Ójafnað eigið fé 31. desember 2013 (4.434.757)

11. Langtímaskuldir:

Langtímaskuld er færð á núvirði að frádregnum greiddum afborgunum. Eftirstöðvar eru reiknaðar miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok, ef slíkur umreikningur á við.

12. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Sundurliðanir og skýringar

13. Starfsþáttagreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi sjúkrahússins árið 2013 skiptist það í 10 aðskildar rekstrareiningar. Endurbætur, stofnkostnaður og tækjakaup og kostnaður vegna S-merktra lyfja er meðtalinn í kostnaði utan sviða. Breyting samanburðartalna bráðasviðs og utan sviða skýrist að stærstum hluta af breytingu á skipulagi. Kostnaður rekstrareininga árið 2013 greinist á eftirfarandi hátt.

	2013	2012
Skrifstofa forstjóra.....	432.050	341.178
Fjármálasvið.....	822.879	785.907
Rekstrarsvið.....	4.516.590	4.217.770
Vísinda- og þróunarsvið.....	646.068	632.507
Lyflækningasvið.....	11.227.002	10.024.090
Skurðlækningasvið.....	10.187.756	9.434.746
Geðsvið.....	3.550.399	3.283.148
Kvenna- og barnasvið.....	5.209.601	4.703.575
Rannsóknarsvið.....	4.453.257	4.044.845
Bráðasvið.....	4.300.359	2.877.624
	45.345.963	40.345.390
Utan sviða.....	2.085.458	1.410.277
Innri viðskipti á LSH.....	(2.107.107)	(1.037.101)
Samtals	45.324.314	40.718.566

SKÝRINGAR

14. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þessari þjónustu hækka frá árinu 2012 um 2,0%.

	2013	2012
Rannsóknir.....	1.332.861	1.234.283
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	624.507	615.259
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum.....	370.208	434.479
Sérfræðþjónusta, önnur.....	555.153	567.534
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta.....	250.460	221.632
Samtals	3.133.189	3.073.187

15. Styrkir til fjárfestinga í tækjabúnaði:

Styrkir og gjafir til kaupa á tækjabúnaði fyrir spítalann koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Framlög til stofnkostnaðar á fjárlögum eru ekki tekjufærð hér. Sjá skýringu nr. 25.

16. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Þessi liður hækkar um 13,9% á milli ára.

Selt fæði.....	181.925	105.595
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	160.421	124.060
Önnur seld þjónusta.....	116.118	100.164
Framlög opinberra aðila.....	32.495	56.532
Framlög og gjafir, aðrar en framlög til fjárfestingar.....	89.478	62.665
Vörusala.....	251.917	156.096
Leigutekjur.....	82.712	81.949
Aðrar tekjur.....	181.010	275.321
Samtals	1.096.075	962.382

17. S-merkt lyf:

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) bera ábyrgð á kostnaði vegna S-merktra lyfja sjúklinga á dag- og göngudeildum. Landspítali annast innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu með tekjureikningum á SÍ.

S-merkt lyf, sala til SÍ án vsk og álagningar.....	4.746.730	4.346.477
S-merkt lyf, álagning og blöndunargjöld.....	93.476	100.011
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður.....	(4.746.729)	(4.346.477)
Samtals	93.476	100.011

SKÝRINGAR

18. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld Landspítala hækka um 10,6% frá fyrra ári.

	2013	2012
Dagvinnulaun.....	18.188.888	16.819.622
Yfirvinna.....	2.982.325	2.327.558
Álagsgreiðslur.....	3.980.332	3.645.346
Önnur laun.....	634.907	537.379
Launatengd gjöld.....	6.071.338	5.480.424
Samtals	31.857.791	28.810.329

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 3.666 að meðaltali á árinu 2013, en þau voru til samanburðar 3.643 á árinu 2012. Á árinu 2013 voru 4.683 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 4.596 á árinu 2012. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk. Áunnið ótekið orlof og annar sambærilegur launatengdur frítímaréttur er ekki færður í ársreikninginn, sbr. skýringu nr. 36.

19. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Kostnaður vegna vörunotkunar hækkar um 4,9% á milli ára. Í skýringu nr. 27 má sjá vörubirgðir í lok áranna 2012 og 2013.

Lækninga- og hjúkrunarvörur	3.376.550	3.400.165
Lyf	1.588.152	1.404.627
Rannsóknarvörur.....	858.459	789.796
	<u>5.823.161</u>	<u>5.594.588</u>
Matvæli.....	624.105	535.143
Orkugjafir.....	339.461	358.777
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	177.153	149.731
Byggingavörur.....	84.633	87.339
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur.....	181.768	168.194
	<u>1.407.119</u>	<u>1.299.184</u>
Samtals	7.230.279	6.893.772

SKÝRINGAR

20. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 3.237 m. kr. á árinu 2013. Þessi liður hækkar um 10% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup auk leigu- og leyfisgjalda.

	2013	2012
Sérfræðiþjónusta.....	978.532	819.656
Verkkaup.....	919.676	888.318
Leigu- og afnotagjöld.....	459.607	458.240
Ferðir, fundir, risna o.fl.	355.998	307.390
Aðkeyptur akstur.....	277.215	262.914
Flutningaþjónusta.....	93.234	94.180
Annað.....	152.344	111.056
Samtals	3.236.607	2.941.754

21. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum, framlögum til rannsókna og kaupum á ýmsum minniháttar búnaði og tækjum. Kostnaðurinn hækkar um 5,5% milli ára.

Opinber gjöld og tryggingar.....	412.672	383.371
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna.....	52.973	249.385
Minniháttar tæki, áhöld, varahlutir.....	653.370	484.183
Ýmis óreglulegur kostnaður.....	144.037	80.821
Samtals	1.263.052	1.197.760

22. Fjárfesting í tækjabúnaði:

Á reikningsárinu voru kaup Landspítalans á tækjabúnaði í meginráttum eftirfarandi:

	2013
Línuhraðall.....	434.415
Síritar á vökudeild.....	82.432
Þvottavél fyrir sjúkrahúslin.....	43.362
Kviðsjárspeglunarbúnaður.....	41.530
Blóðgeislunartæki.....	41.509
Aðgerðasmásjá fyrir augnlækningar.....	34.736
Tölvusneiðmyndartæki.....	32.811
Hjartasíritar.....	31.935
Annað.....	548.822
Samtals	1.291.553

SKÝRINGAR

23. Annar stofnkostnaður og endurbætur:

Stofnkostnaður spítalans felur hér í sér nýkaup á fasteignum, ásamt endurbótum á innréttingum, húseignum og lóðum.

	2013	2012
Geðgjörgæsla, endurbætur á húsnæði geðdeildar.....	72.765	127.584
Rannsóknarstofa í meinafræði, hús 8, endurbætur utanhúss og loftræsikerfa..	26.759	49.009
Grensás, bílastæði og bætt aðkoma.....	0	25.253
Fossvogur, blóðtaka E1, endurinnrétting.....	0	16.680
Göngudeildir hjartaranns. og ísótópastofu, 10 E-G, endurbætur.....	0	16.526
Apótek, endurinnrétting.....	0	11.977
Fæðingardeild 23A, endurbætur.....	0	9.999
Líknardeildar, hús 8-9, endurinnréttingar.....	0	9.645
Röntgenstofur, ómun Fossvogi, E3, endurinnrétting.....	0	8.896
Hringbraut, eldvarnir.....	0	7.111
Göngudeild skurðlækninga, E4 og B3, endurbætur.....	0	6.477
Aðalbygging Hringbraut, endurbætur utanhúss.....	102.744	0
Hringbraut, breytingar á húsnæði fyrir nýjan línuhraðal.....	29.824	0
Tunguháls, endurnýjun þaks og klæðning utanhúss.....	25.284	0
Vífilsstaðir, endurbætur vegna opunar hjúkrunardeildar.....	24.821	0
Grensás, endurbætur á sundlaug.....	22.685	0
Fossvogur og Hringbraut, eldvarnir.....	18.010	0
Fossvogur, aðgangsstýrikerfi.....	17.582	0
Hringbraut, blóðtaka, endurinnrétting.....	15.293	0
Fossv. og Hringbr, breytingar v. nýrra loftpressa fyrir öndunarloft.....	14.674	0
Fossvogur, endurbætur á aðstöðu fyrir sykurþolspróf.....	13.181	0
Landakot, endurinnrétting lyfjaherbergja og vinnurýma.....	9.523	0
Kvennadeild, endurinnrétting á nokkrum rýmum á 21A.....	8.676	0
Barnspítali, nýtt bráðaherbergi, aðstandendaherbergi ofl.....	6.734	0
Foreldraíbúð BUGL.....	6.587	0
Annað.....	29.892	18.809
Samtals	445.032	307.967

24. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur spítalans, sem einkum eru af kröfum á skuldunauta, eru færðar til tekna í rekstrarreikningi á því tímabili sem til þeirra er unnið. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í árslok vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 29. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Vaxtatekjur.....	36.195	38.755
Gengismunur.....	11.232	(4.607)
Vaxtagjöld.....	(16.294)	(5.922)
Samtals	31.133	28.226

SKÝRINGAR

25. Fjárheimildir og rekstur:

Á fjárlögum ársins 2013 voru Landspítala ætlaðar 38.281,0 m. kr. í ríkisframlag. Með launabótum, millifærslum og fjáráaukalögum 2013 hækkuðu fjárheimildir vegna rekstrar ársins um 912,9 m. kr. Fjárheimildir Landspítala á árinu 2013 voru því samtals 39.193,9 m. kr.

	Fjárlög	Fjár-heimildir	Árs-reikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	(30.454.600)	(30.884.929)	(31.857.791)	(972.862)
Önnur rekstrargjöld og vextir.....	(10.367.400)	(15.839.735)	(11.698.805)	4.140.930
Stofnkostnaður og endurbætur.....	(1.179.000)	(1.699.681)	(1.736.585)	(36.904)
Sértekjur.....	3.720.000	9.230.445	4.615.236	(4.615.209)
Samtals	(38.281.000)	(39.193.900)	(40.677.945)	(1.484.045)

26. Hlutablefing:

Hlutablefing er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í níu einkahlutafélögum á Íslandi og einu félagi í Lettlandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Óvissa er talsverð um raunverulegt fjárhagslegt verðmæti flestra þessara hluta. Þeir eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi.

27. Vörubirgðir:

Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans hækkar um 11,0% milli árána 2012 og 2013. Birgðir í árslok 2013 eru metnar á kostnaðarverði, eftir 7,5% niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

	2013	2012
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	209.334	195.648
Lyf.....	182.983	149.685
Rannsókn- og röntgenvörur.....	279.838	258.076
Rekstrarvörur.....	49.264	41.833
Matvæli.....	13.254	16.557
Samtals	734.673	661.799

28. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörsölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta í árslok.

SKÝRINGAR

	2013	2012
Heilbrigðisstofnanir.....	202.588	209.309
Sjúkratryggingar Íslands.....	413.192	607.685
Einstaklingar.....	596.850	608.159
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir.....	160.400	207.870
Fyrirfram greiðslur vegna tækjakaupa.....	198.182	37.639
Aðrar kröfur.....	162.096	157.715
Kröfur samtals	1.733.308	1.828.377
Niðurfærsla krafna.....	(188.147)	(189.035)
	1.545.161	1.639.342

29. Niðurfærsla viðskiptakrafna:

Viðskiptakröfur spítalans í árslok eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	2013
Niðurfærslureikningur 1. janúar 2013	189.035
Gjaldfærðar afskrifaðar tapaðar kröfur 2013	(144.116)
Framlag í niðurfærslureikning 2013	143.228
Niðurfærslureikningur 31. desember 2013	188.147

30. Langtímaskuldir:

Langtímaskuld í árslok er fjármögnunarleigusamningur við eignaleigufyrirtæki. Í ársreikningi 2013 er slíkur samningur flokkaður sem langtímaskuld þar sem samningskilmálar gera meðal annars ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og hagur af fjárfestingu sé færður yfir á Landspítala. Vísað er til upplýsinga um eignaleigusamninga frá fyrri árum í skýringu nr. 36. Hreyfingar og staða fjármögnunar-samningsins er sem hér segir:

	Ógjaldfallnar eftirstöðvar 31.12.2013	Núvirtar eftirstöðvar 31.12.2013
Greiðslur á næsta reikningsári	5.278	5.097
Greiðslur á öðru reikningsári og síðar	56.478	38.265
	61.756	43.362
Framtíðar vaxtagjöld	(18.394)	
Núvirtar eftirstöðvar	43.362	

31. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlags og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Í árslok nam skuld spítalans við ríkissjóð tæpum 2.681 m. kr. Ríkissjóður hefur ekki krafist vaxta af þessari skuld. Staða og hreyfingar í þessum viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða 1. janúar 2013	(2.364.913)
Ríkisframlag	39.193.900
Móttæknar greiðslur	(39.509.969)
Staða 31. desember 2013	(2.680.982)

SKÝRINGAR

32. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

33. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2009-2013. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Yfirlit yfir rekstur og efnahag árunna 2009-2013, á verðlagi hvers árs:

Fjárhæðir í millj.kr.

	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstur					
Tekjur.....	4.615	4.229	3.636	3.392	3.594
Gjöld.....	(43.557) (	39.815) (	36.998) (	35.277) (	37.803)
Stofnkostnaður og endurbætur.....	(1.737) (	875) (	1.173) (	1.188) (	1.020)
Gjöld umfram tekjur (	40.678) (	36.462) (	34.534) (	33.074) (	35.229)
Ríkisframlag samtals.....	39.194	36.478	34.539	33.145	33.890
Tekjuafgangur (halli) ársins	(1.484)	16	5	71 (	1.339)
Efnahagur					
Áhættufjármunir.....	3	3	3	3	3
Veltufjármunir.....	2.302	2.325	1.680	1.705	2.294
Eignir samtals	2.305	2.328	1.683	1.708	2.297
Höfuðstóll.....	(4.435) (	2.951) (	2.967) (	2.890) (	2.960)
Annað eigið fé.....	183	183	183	180	180
Langtímaskuldir.....	41				
Skammtímaskuldir.....	6.516	5.095	4.467	4.417	5.077
Eigið fé og skuldir samtals	2.305	2.328	1.683	1.708	2.297

34. Sér sjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sér sjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárfstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sér sjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 10 lögaðilar og 63 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sér sjóðum eru samtals 48 og innstæða í árslok 2013 nemur samtals 515,9 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmarginir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2013 er 212. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 46,4 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2013 um 580,6 m. kr.

SKÝRINGAR

35. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala eru ekki eignfærðir í efnahagsreikningi, sem er í samræmi við ákvæði um A-hluta stofnanir í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í árslok 2013.

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut.....	10.956.840	16.385.780
Fossvogur.....	4.862.910	8.077.720
Landakot.....	1.359.200	2.119.030
Kópavogur.....	1.155.700	1.158.750
Kleppur.....	1.337.005	1.518.001
Vífilsstaðir.....	803.682	1.143.556
Grensás.....	738.490	1.149.750
Tunguháls.....	411.750	538.400
Sumarhús starfsmanna.....	174.036	268.368
Aðrar eignir.....	1.973.760	2.526.595
Samtals	23.773.373	34.885.950

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir LSH utan efnahagsreiknings eru fyrst og fremst ýmis konar tæki og háþróaður búnaður, sem tengist starfsemi spítalans. Í skýringum nr. 30 og 36 má til hliðsjónar sjá þær skuldbindingar sem hvíla á LSH í árslok vegna kaupa á margs konar tækjabúnaði. Haldin er eignaskrá í samræmi við ákvæði laga.

36. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

Óúttekið áunnið orlof starfsmanna fyrir tímabilið maí til desember 2013 hefur verið reiknað sérstaklega, en er ekki fært í ársreikninginn samkvæmt reikningsskilavenjum hjá ríkisstofnunum. Sama á við um sérstakan frítökurétt starfsmanna spítalans. Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir skuldbindingum spítalans vegna áunnins orlofs og annarra réttinda starfsmanna til frítöku í árslok 2013. Þessar skuldbindingar eru reiknaðar að meðtöldum launatengdum gjöldum.

	2013	2012
Sumarorlof.....	2.310.755	2.116.261
Hvildartímafrí.....	584.312	579.456
Vaktafrí og annar áunninn frítími.....	246.589	224.251
	3.141.655	2.919.968

Samningar

Sjúkrahúsið hefur á fyrri árum gert marga eignaleigusamninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum. Þeir samningar hafa allir verið skilgreindir sem rekstrarleigusamningar, án tillits til samningsskilmála, og eftirstöðvar þeirra skuldbindinga því ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Sjá í þessu sambandi langtímaskuldbindingu í skýringu nr. 30. Auk þessara framangreindu eignaleigusamninga hefur

SKÝRINGAR

spítalinn gert margs konar skuldbindandi hugbúnaðar- og þjónustusamninga vegna upplýsingakerfa. Gerð er grein fyrir helstu flokkum þessara skuldbindinga utan efnahagsreiknings á núvirði og greiðslubyrði vegna þeirra næstu þrjú árin í meðfylgjandi yfirliti.

	Skuldbinding 31.12.2013	2014	Til greiðslu 2015	2016
Tölvubúnaður.....	130.580	57.052	42.513	37.313
Lækningatæki og annar tækjabúnaður.....	370.497	131.963	105.230	87.248
Samtals vegna tækja	501.077	189.015	147.743	124.561
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar.....	566.177	224.176	178.886	178.886
Samtals	1.067.254	413.191	326.629	303.447

Endurreikningur samninga um fjármögnunarleigu

Í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands er óvissa til staðar um mögulegan endurreikning af hálfu fjármögnunarfyrirtækja á fjórum fjármögnunarleigusamningum í erlendri mynt, sem Landspítalinn gerði á síðasta áratug við fjármögnun tækjakaupa. Landspítali hefur ávallt staðið í skilum með greiðslur afborgana af lánasamningunum. Skuldbinding er ekki færð í ársreikninginn vegna þessa óvissa endurreiknings.

Húsaleiga

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 539,7 m. kr. í árslok 2013.

